

**Sendandi:****Hagsmunafélag stóðbænda (HAST, áður Í-ess bændur)**

Dags: 21.11.2023

154. löggjafarþing 2023–2024

Þingskjal 12 - 12. mál.

**Umsögn varðandi:**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).

**Almennt álit um málið.**

Bændur í Hagsmunafélagi stóðbænda (HAST), sem hafa hryssur til blóðtöku, leggjast alfarið gegn öllum greinum frumvarpsins.

Í grunnin er frumvarpið sett fram á sama hátt og áður hefur verið með smávægilegum breytingum í greinargerð. Því sendir HAST umsögn sína frá fyrra máli frumvarpsins inn, þar sem hún á í stórum dráttum enn við, sem og bætir við eftirfarandi upplýsingum:

Óháð rannsókn var gerð árið 2022 til að sjá hvaða áhrif blóðtökur hafa á hryssur. Búist er við að niðurstöður þessarar rannsóknar verði birtar í janúar n.k.. Teljum við fyrir víst að þetta sé eina óháða rannsóknin sem gerð hefur verið til að sjá hvaða áhrif blóðtökur, eins og þær eru stundaðar í dag, hafa á hryssurnar. Viljum við benda á að vert er að skoða niðurstöður þessarar rannsóknar við framgang þessa frumvarps og bera þær saman við rannsóknir Ísteka sem telja mörg ár aftur í tímann. Niðurstöðurnar eru gríðarlega mikilvægar og verðmætar, ekki síður til að sýna stöðu og blóðgildi útígangshrossa almennt hér á landi.

Vitnað er í fræðigreini skrifaða af próf. Vilanova o.fl. varðandi heildarblóðmagn sem taka má úr hryssum hverju sinni og haldið fram að tekið sé of mikið blóð úr hryssunum. Virðist vera að almennt taki það hross um tvær vikur að vinna upp sömu blóðgildi og þau höfðu fyrir blóðtöku séu tekin um 10-15% af heildarmagni, sama hvort tekið sé aðeins einu sinni úr þeim eða oftari eins og gert er í blóðtökum almennt. Samkvæmt rannsóknnum sem Ísteka hefur skilað inn til MAST þá virðist vera að blóðgildi falli í fyrstu og annarri blóðtöku (tvær vikur) og haldist nokkuð jöfn eftir það, þar til blóðtöku líkur og hryssur ná sömu gildum og áður tveimur vikum seinna. Gildin fara ekki undir viðmiðunargildi, en þessar upplýsingar má nálgast hjá Ísteka sem og sjá í skýrslu

starfshóps um blóðtöku úr fylfullum hryssum (bls. 16-17). Samkvæmt upplýsingum sem við höfum frá dýralækni þá veða stóðhryssur um 400-500 kg., en ekki 350-390 kg. sem talið er vera meðal reiðhrossavigt. Gæti þetta skekkt útreiknig á heildarblóðmagni hryssa ásamt líkamsástandi, hvort þær séu fínbyggðar, stórar og þéttar, fylfullar eða feitari frekar en vöðvastæltar.

Viljum við benda á aðra [fræðigreiu](#) sem próf. Vilanova ásamt öðrum skrifaði, en þar segir í niðurlagi:

At this time, production of eCG is considered essential for appropriate reproductive management of many important livestock species and there is no efficacious synthetic replacement available.

Í sömu grein, kafla þrjú, er skrifað um notkun og verkun eCG hormónsins og staðgengla þess eða aðrar aðferðir til að ná sama árangri. Engin önnur lyf eru nefnd í þeim kafla sem koma í stað lyfja framleiddum með eCG, nema mögulega annað hormón sem sýndi lofandi niðurstöður á frumtilraunastigi. Er ekki líklegt að sjá það hormón á lyfjamarkaði á næstunni þar sem frekari rannsóknar er þörf og tekur mörg ár að koma lyfjum á markað.

Við viljum ítreka að forsvarsmenn bænda sem hafa hryssur til blóðtöku vilja gjarnan koma á fund atvinnuveganefndar, ræða málin og koma upplýsingum á framfæri.

Virðingarfyllt,  
Forsvarsmenn Hagsmunafélags stóðbænda

Tengiliður:  
Hanna Valdís Guðjónsdóttir  
hannavaldisg@gmail.com



**Sendandi:**

**Hagsmunafélag stóðbænda (áður Í-ess bændur)**

Dags: 15.11.2022

153. löggjafarþing 2022–2023

Þingskjal 53 - 53. mál.

## **Umsögn varðandi:**

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013  
(bann við blóðmerahaldi).**

### **Almennt álit um málið.**

Bændur í Hagsmunafélagi stóðbænda (áður Í-ess bændur), sem hafa hryssur til blóðtöku, leggjast alfarið gegn öllum greinum frumvarpsins.

### **Varðandi 1. gr. og 3.gr.**

**1. gr.** Á eftir 2. mgr. 20. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Bannað er að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því hormónið PMSG (Pregnant Mare Serum Gonadotropin) eða nokkra aðra vöru til sölu.

**3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

Mikill skaði verður af því að banna tafarlaust blóðmerahald hér á landi. Tekjur margra bænda skerðast verulega og getur bann haft veruleg áhrif á rekstrargrundvöll margra bóa (svo ekki sé minnst á hækkun á áburðarverði, eldsneytisverði og öðrum aðföngum). Framtíðaráætlanir margra bænda byggja á þessari búgrein. Vinnandi fólk til sveita hefur almennt lítinn bótarétt vegna áunninna réttinda og því fátt sem tæki við því til framfærslu ef möguleikar til að vinna sér inn tekna verða takmarkaðir.

Ekki aðeins skerðast tekjur bænda, heldur einnig margra sem koma að utanumhaldi búgreinarinnar (verktakar, dýralæknar, eftirlitsmenn, starfsfólk á rannsóknarstofu, starfsfólk í flutningi efnis o.fl.). Afkomumöguleikar í sveitum eru takmarkaðir nú þegar og bann við blóðtöku úr fylfullum hryssum yrði gríðarlegur skellur, sérstaklega þar sem

jarðir og landgæði bjóða ekki upp á aðra búgreinamöguleika nema þá með gríðarlegum stofnkostnaði.

## Varðandi 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

- a) Á eftir c-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: hann brýtur gegn bannákvæðum skv. 20. gr.
- b) 6. mgr. fellur brott.

Í framlögðu frumvarpi er lagt til að eftirfarandi texti verði felldur brott: „Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru til Matvælastofnunar.“ Með því væri verið að sniðganga hlutverk Matvælastofnunar sem eftirlitsaðila málaflokksins.

## Varðandi greinargerð

*“Skömmu eftir að frumvarp þetta var lagt fram á 152. löggjafarþingi skipaði matvælaráðherra starfshóp til að fjalla um blóðmerahald. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að lagaumgjörð um blóðtöku úr fylfullum merum væri óljós og því ekki viðunandi en taldi jafnframt ekki tilefni til að banna starfsemina. Matvælaráðherra setti í kjölfarið reglugerð um starfsemina til þriggja ára. Flutningsmenn þessa frumvarps telja að sú reglugerð dugi ekki til að tryggja velferð fylfullra mera og afkvæma þeirra. Stjórnvöld hafa sýnt það í verki að þau geta ekki tryggt velferð meranna með eftirliti sýnu og því er nauðsynlegt að banna þessa starfsemi með öllu. Því er frumvarp þetta lagt fram að nýju.”*

Í umræddri [skýrslu](#) kemur einnig fram:

### **Kafli 6.1.1, bls. 38:**

Sömu ákvæði gilda um velferð allra hrossa á útigangi, óháð tilgangi hrossahaldsins. Eftirlit með blóðtökustóðum er hins vegar tíðara en í öðru hrossahaldi og komi fram alvarleg frávik er Ísteka óheimilt að taka blóð á bænum næsta sumar. Því má segja að viðurlögin séu þyngri en í öðru hrossahaldi og má ætla að það sé ástæða þess að á seinni árum er minna um alvarleg frávik í blóðmerastóðum en öðru hrossahaldi

Bændur innan hagsmunafélags stóðbænda fagna því að reglugerð hafi verið sett utan um búgreinina. Reglugerðin er sett tímabundið fram til þriggja ára og má gera ráð fyrir að hún taki einhverjum breytingum að þremur árum liðnum. Tillögur varðandi breytingar í reglugerðinni verða gerðar með reynslu bænda og eftirlitsaðila í huga, ábendingum annarra fagaðila og niðurstöðum rannsókna að tíma liðnum.

Þegar hafist var handa við lyfjavinnslu úr hryssublóði hér á landi, fyrir rúmum 40 árum, var með samstarfi vísindamanna og reyndra stóðbænda lagður traustur grunnur að

verklagi, aðstöðu og eftirliti með hryssunum þar sem blóð var tekið. Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum var þegar í byrjun gerð ítarleg þriggja ára rannsókn varðandi áhrif blóðtökunnar á heilsu hrossanna, bæði hryssa og folalda. Fylgst var með heilsu þeirra og líðan til bæði skemmri og lengri tíma með eftirliti og blóðmælingum. Engin vandamál komu fram vegna blóðtökunnar sem ekki mátti fyrirbyggja með réttu verklagi og góðri búmennsku. Reynsla bænda, reglulegt eftirlit Matvælastofnunar og Ísteka hefur aðeins staðfest niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var við upphaf þessarar starfsemi. Með meiri þekkingu hefur framkvæmd og aðstæður við blóðtöku þróast í gegnum árin. Tíminn hefur leitt í ljós að hryssur sem hafðar eru til blóðtöku geta haldið góðri heilsu og verið frjósamar langt fram eftir aldri. Það er merki þess að hryssum í blóðtöku líði almennt vel, enda hafa þær meiri möguleika en flest önnur hross á Íslandi til að iðka sitt náttúrulega atferli. Sem dæmi má nefna að ef hross sitja undir langvarandi stress ástandi þá framleiða þau hormón sem heitir cortisol - en langvarandi ástand þessa getur haft veruleg neikvæð áhrif á ónæmiskerfi hrossa, frjósemi og vöxt þeirra. Einnig getur of lítil framleiðsla cortisol haft neikvæð áhrif á hross. Hryssur sem hafðar eru til blóðtöku eru almennt mjög frjósamar, heilbrigðar og er ekki að sjá að fallþungi folalda í sláturhúsi hafi lækkað svo um muni með árunum þó að blóðmerum hefur fjölgað töluvert og sláturtíð folalda byrji fyrr á ári en áður (sjá viðauka neðst). Einnig bendum við á BS verkefni við LBHÍ þar sem innihald kaplamjólkur og vöxur folalda hjá hryssum sem hafðar eru til blóðtöku er borin saman við hryssur sem ekki voru hafðar til blóðtöku (sjá undir liðnum **Að lokum**).

Í framhaldi af nýrri [reglugerð](#) er byrjað að holdastiga hverja einustu hryssu sem kemur inn í blóðtöku sem og eru skráðar frávíkaskýrslur ef koma upp frávik við framkvæmdina. Er því fljótt séð hvort að stóðið í heild sinni sé almennt heilbrigt sem og hvort að allir einstaklingar innan þess geti tekið þátt í blóðtöku eða ekki. Bændur sem þessa búgrein stunda sæta eftirliti frá kaupanda blóðsins, líftæknifyrirtækinu Ísteka. Viðstaddir blóðtöku eru yfirleitt bóndi og fólk á hans vegum, dýralæknir / dýralæknar og tilfallandi aðrir eftirlitsaðilar. Allir þessir aðilar geta gripið inn í ef þeir sjá eitthvað athugasvert við athafnir annars. Bændur upp til hópa vita að lítið er upp úr því að hafa að níðast á bústofni sínum, enda er velferð skepna grundvöllur þess að bæta afkomu þeirra. Bændur sem nýta hryssur í blóðtöku eru ekki síður meðvitaðir um það en aðrir.

*Lög um velferð dýra hafa það að markmiði að stuðla að velferð dýra, að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að dýr geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.*

Ísland er vel fallið til hrossaræktar vegna mikils landrýmis og landgæða. Íslenski hrossastofninn er laus við sjúkdóma, hrossin geta lifað úti í stóðum og eru mikilvæg til að viðhalda graslendi, sem er grundvallar vistkerfi í náttúru Íslands. Hryssur sem hafðar eru til blóðtöku hér á landi lifa eins náttúrulegu stóðlífi og mögulegt er fyrir íslenska hestinn. Þær fá frið úti í haga meirihluta árs og eru undir eftirliti fagaðila á blóðtökutímabili fyrir utan reglubundið eftirlit MAST yfir vetrartíman. 11 daga á ári (þá einungis örfáar klst) eru þær reknar inn í hestagerði til blóðtöku/sýnatöku og er að meðaltali tekið fimm sinnum úr hverri hryssu. Hvert skipti tekur um 5-7 mínútur svo álag þessara hryssna samanbrið við hross í annarri notkun óverulegt. Örfáa daga eru hryssurnar jafnvel reknar inn í hestagerði til að flokka þær í hópa, taka folöld undan eða vegna annarar meðhöndlunar (ormalyfjagjöf, hófsnyrting). Virðingarröð og félagshegðun innan þessara stóða er yfirleitt í jafnvægi en hryssurnar þekkjast vel og er langtum minna um inngrip í samsetningu hópa, samanbrið við t.d. hestaferðir þar sem margir aðilar koma saman með óþekkt hross.

Í skýrslu starfshóps um blóðtöku segir:

**Kafli 6.1.1, bls. 38:**

Hross í útigöngu eru þau húsdýr á Íslandi sem njóta mests frelsis og hafa besta möguleika á að sýna sitt náttúrulega eðli, en það er einmitt eitt af frelsisákvæðunum fimm sem liggja lögum og alþjóðlegum sjónarmiðum um dýravelferð til grundvallar. Flesta daga ársins lifa blóðtökuhryssur náttúrulegu lífi með afkvæmum sínum sem í raun er einstakt í íslensku búfjárhaldi. Þær mjólka aðeins einu afkvæmi og fyljun er náttúruleg.

Umrædd búgrein uppfyllir því markmið laga um velferð dýra eins og þau eru skrifuð hér fyrir ofan.

*“Á Íslandi er stunduð blóðtaka úr fylfullum merum í því skyni að vinna úr blóðinu hormónið Pregnant Mare Serum Gonadotropin (PMSG), sem selt er til líftæknyfyrirtækja svo að framleiða megi frjósemislyf, aðallega fyrir svínarækt. Nú eru 119 bændur með 5.383 blóðmerar og hefur blóðmerahald aukist til muna hér á landi að undanfögnu. Blóðmerar eru láttnar ganga með folöld eins oft og mögulegt er til að hámarka afköst hvernar merar, þar til hormónið finnst ekki lengur í blóði hennar. Þegar svo er komið er merunum slátrað. Folöldunum er að jafnaði slátrað.*

Á Íslandi sæta fylfullar merar mismiklu og misgrófu ofbeldi við blóðtöku þegar verið er að ná úr þeim hormóninu PMSG. Það má glögglega sjá í heimildarmyndinni „Ísland – land 5.000 blóðmera“ sem var frumsýnd 22. nóvember 2021 og vakti sterk viðbrögð og mikla reiði um heim allan. Í myndinni er fjallað um blóðmerahald á Íslandi þar sem greinilega kemur í ljós sú illa meðferð, misþyrming og dýraníð sem hryssurnar þurfa að sæta við blóðtökuna. Í myndinni eru færð rök fyrir því að ætla megi að slíkt harðræði tíðkist almennt við blóðtökuna hér á landi.”

Í greinargerð er tekið fram að bændur láti hryssur ganga með folöld eins oft og mögulegt er þar til hormón finnist ekki lengur í blóði þeirra, en þá sé þeim slátrað. Ekki er vitað til þess að blóðtaka hafi langvarandi áhrif á hormónaframleiðslu skepna né er það svo að öllum hryssum sé slátrað ef þær hafa ekki hátt gildi eCG í blóði sínu. Hryssur sem hafðar eru til blóðtöku fyljast við náttúrulegar aðstæður úti í haga einu sinni að ári, en það er þeim eðlislægt. Kjötframleiðsla hrossa- og folaldakjöts er vel þekkt hér á landi og því kemur slátrun folalda frumvarpi þessu ekki við.

Frumvarp til laga um bann við blóðtöku úr fylfullum merum virðist byggja á þeirri hugmynd flutningsmanna að hryssumar verði óhjákvæmilega fyrir ofbeldi, illri meðferð, misþyrmingum og dýraníði við blóðtökuna. Er þar með verið að ásaka alla bændur innan búgreinarinnar um alvarlegt ofbeldi. Myndband að nafninu „Ísland - land 5.000 blóðmera“ er tekið fram í greinargerð með frumvarpinu og talið sönnun þessarar fullyrðingu. Myndbandið, sem er byggt á ólöglegri myndatöku falinna myndavéla, er saman klippt áróðursmyndband en ekki heimildarmynd um greinina. Aldrei höfðu framleiðendur myndbandsins samband við bændur sem hafa hryssur til blóðtöku varðandi heimildaöflun fyrir svokallaða 'heimildamynd'. Engin raunsönn dæmi eða gögn liggja fyrir sem styðja hugmyndir flutningsmanna um að hryssur líði mikið harðræði fyrir blóðtöku. Í öllum búgreinum, íþróttum og frístund þar sem lifandi skepnur og menn koma saman er ávallt möguleiki á frávikum. Er það ekki öðruvísi í þessari búgrein en öðrum.

Í [skýslu](#) starfshóps um blóðtöku segir:

**Kafli 6.1.2, bls. 38:**

[...] Í langflestum tilvikum virðast hryssurnar jafna sig nokkuð fljótt á blóðtökunni og margar venjast henni vel. Þó eru einnig dæmi um hryssur sem ekki sætta sig við inngripið og fátt annað að gera en að hætta með þær í blóðtöku.

**Kafli 6.1.3, bls. 39-40:**

Fullyrt hefur verið að úr hryssunum sé tekið fjórum sinnum meira blóð en þær þola og vísað í yfirlitgrein frá 2021. [...] Í greininni er sérstaklega tekið fram að engar



leiðbeiningar liggja fyrir um það hversu mikið blóð sé óhætt að taka úr hrossum. [...] Höfundar greinarinnar leggja hins vegar fram leiðbeiningar sem byggja almennt á tilraunadýrum (nagdýrum) þar sem fram kemur, miðað við að blóðtaka sé framkvæmd vikulega (allt árið), að óhætt sé að taka 7,5% af því blóði sem er á hverjum tíma í æðakerfinu (circulating blood volume). Almennt séð er ekki hægt að heimfæra rannsóknaniðurstöður milli dýrategunda án fyrirvara og hæpið að heimfæra leiðbeiningar sem byggðar eru á tilraunum með nagdýr yfir á hross enda segja höfundar hvergi beinlínis að þessar leiðbeiningar eigi að gilda um hross

Í grein Manteca Vilanova og félaga er einnig vísað í rannsókn á hestum þar sem tekið var blóð sem nam 25% af heildarblóðmagni dýrsins og mælt hvaða áhrif það hafði á hrossin (Malikides o.fl., 2001). Þetta er í raun eina vísindagreinin sem fjallar beinlínis um blóðtöku á hrossum og áhrif hennar á heilsu og velferð þeirra. Áhrif blóðtökunnar á helstu blóðþætti reyndust tímabundin og innan viðmiðunarmarka [...]. Fullorðin íslensk hross vega 380–410 kg (Brynjar Skúlason, 2010)<sup>50</sup>. Blóðtaka sem nemur 20 mL/kg svarar því til 7,6 – 8,2 lítra sem er þriðjungur meira en tekið er úr hryssum hér á landi. Rannsóknin tekur ekki til endurtekinnar blóðtöku en fram kemur að flestir blóðþættirnir hafi endurnýjað sig á innan við viku. Þá var hún ekki framkvæmd á fylfullum hryssum og óvíst hvort það hafi einhver áhrif. Samkvæmt mælingum Ísteka (Mynd 2) má ætla að blóðbúskapur fylfullra hryssna á útgangi sé betri en reiðhesta hér á landi (Sveinn Ólason, 2010).

[...] Skýringa á því að hross virðast þola blóðtöku betur en mörg önnur dýr er m.a. að leita í lífeðlisfræðilegum þáttum. Hross geyma sérlega miklar varabirgðir af rauðum blóðkornum í milta, eða allt að 30% viðbót við það sem er í æðakerfinu. Hross eru flóttadýr og þetta er hluti af þeirra „fight or flight“ viðbrögðum, en með því að bæta varabirgðunum í blóðrásina geta hross bæði hraðað flóttu sínum og haldið betur út en ella. Þau geta sömuleiðis nýtt varabirgðirnar til að bregðast við alvarlegri blæðingu eða blóðtöku ef aðgangur að vatni er nægilegur til að vega upp vökvatapið sem verður við blóðmissinn. Til samanburður bregðast nagdýr við hættu með því að halda kyrru fyrir og láta eins lítið á sér bera og þau geta. Þau hafa því ekki sama hag af umfram magni rauðra blóðkorna í milta og geta ekki gripið til sambærilegra varabirgða við blóðtöku. Þessi grundvallar munur á líffræði, auk stærðarmunar dýrategundanna eru meðal ástæðna þess að ekki er faglegt að heimfæra viðmið um blóðtöku milli tegundanna.

*Ísland er líklega eini framleiðandi PMSG í Evrópu, þrátt fyrir að hrossabúskapur sé stundaður í öllum löndum álfunnar. Það vekur furðu að starfsemi sem þessi sé jafn umfangsmikil hér á landi og raun ber vitni.*

Í viðauka 3 í [skýrslu](#) starfshóps um blótöku sýnir að ekki sé bann við blóðtöku úr hryssum í neinum dýravelferðarlögum í Evrópu (a.m.k. ekki við gerð skýrslunnar). Grein

sem kom inn á [Express.de](https://www.express.de) þann 23.10.2022 segir að einnig séu hryssur hafðar til blóðtöku í Þýskalandi. Þess má geta að þar er aðal starfsstöð dýraverndarsamtaka sem tóku upp og settu saman myndband um blóðmerahald á Íslandi.

Þó nokkur munur er á hrossabúskap hér á landi samanborið við önnur Evrópulönd. Á Íslandi er langtum meira rými til að halda stóð og hafa hross úti allan ársins hring á meðan að land/jarðir undir hross í öðrum Evrópulöndum eru af skornum skammti. Algengt er að einstaklingar hérlendis eigi langtum fleiri hross heldur en í öðrum Evrópulöndum almennt. Því ætti það ekki að vekja furðu að búgrein sem þessi henti vel hér á landi en ekki annars staðar.

*Íslandsstofa hefur á undanförunum sjö árum verið í sérstöku markaðsátaki til að kynna Íslenska hestinn á erlendri grundu. Átakið felst í því að Íslenski hesturinn verði þekktur á heimsvísu sem reiðhesturinn með góða geðslagið, sá sem færir fólk nær náttúrunni. Markmiðið með áttakinu er að auka verðmætasköpun sem byggist á Íslenska hestinum, styrkja ímynd hans í vitund fólks um heim allan og markaðssetja vörumerkið Horses of Iceland. Ísland ver á ári hverju miklum fjármunum í að draga fram jákvæða ímynd landsins á erlendri grund. Blóðmerahald stórkaðar þessa ímynd og hefur verið fordæmt um heim allan. Ef ekki verður gripið til aðgerða gegn blóðmerahaldi tafarlaust verður orðspor og ímynd Íslands fyrir óafturkræfu tjóni.*

Í [skýrslu](#) starfshóps um blóðtöku segir:

**Kafli 6.2 bls. 41:**

[...] Þetta má flokka sem bein jákvæð efnahagsleg sjónarmið. Í kafla 2.2. kemur fram yfirlit um greiðslur Ísteka til síðustu ár en mat á kjötafurðatekjum bænda, tekjum afurðastöðva og dýralækna hefur ekki farið fram. Óbein jákvæð efnahagsleg sjónarmið geta síðan verið byggða- og samfélagsleg þar sem að starfsemin sé þýðingarmikil fyrir byggðina þar sem hún fer fram, auk þess sem hún nýtir landgæði sem annars væru lítið eða ekki nýtt og sköpuðu engar tekjur.

**Kafli 6.3 bls. 41-42:**

[...] Notkun hestsins miðast fyrst og fremst við reiðhestskosti hans þar sem hann nýtist til almennra útreiða, ferðalaga og í hinar ýmsu keppnir. Frá fornu fari var hlutverk hestsins þó víðtækara, þar sem hann var notaður til margvíslegrar vinnu, s.s. dráttar sem og til kjöfframleiðslu, sem tíðkast enn. Því hafa alla tíð verið til stóðhross sem ekki hafa verið tamin til reiðar og ekki ætlað það hlutverk. Úr þeim stóðum hafa þó ævinlega valist einhverjir hestar til reiðar og sumir orðið kynbótahestar. Aldrei hefur verið litið svo á að um ólíka stofna innan hrossakynsins sé að ræða og erfðarannsóknir hafa ekki bent til þess. Blóðmerastóð nútímans eiga rætur sínar að rekja til þessara stóða en einnig er þar

að finna hryssur ræktaðar sem reiðhesta, sem af ólíkum ástæðum hafa ekki uppfyllt skilyrði til þeirra nota. Ætla má að margar þeirra hafi ratað í þessa starfsemi á leið í sláturhús enda hafa blóðbændur lengi boðið rétt riflega sláturverð í hryssur. Þá eru einhverjir blóðmerabændur með ræktunarhryssur í blóðtöku og samtvinna þannig starfsemina. [...]

Jákvæð ræktunarsjónarmið: Stærra og fjölbreyttara genamengi íslenska hestsins sem getur varðveitt jákvæða eiginleika. Frjósemi er til dæmis vel varðveittur eiginleiki í blóðmerum. Afsetningarmöguleiki fyrir hryssur sem ekki nýtast til ræktunar reiðhesta og þær eru því frekar teknar út úr reiðhestaræktuninni. Yfirgnæfandi meirihluti folalda sem fæðast í blóðtökustóðum skila sér í sláturhús að hausti.

Neikvæð ræktunarsjónarmið: Blóðmerarhaldið felur í sér ræktun á hrossum sem líklegra er að standist ekki gæðakröfur reiðhestaræktunar en geta þó farið á reiðhestamarkaðinn og skaðað hann. Ekki hefur verið sýnt fram á að hross úr blóðmerastóðum (folöld) hafi mælanleg áhrif á reiðhestamarkaðinn, enn sem komið er.

Á þeim 40 árum sem blóðmerahald hefur verið stundað hér á landi virðist niðurstaðan vera sú að sala hrossa úr stóðum sem nýtt eru til blóðtöku hafi ekki enn mælanleg áhrif á reiðhestamarkaðinn. Má þó gera ráð fyrir að sala hrossa út fyrir landsteinana dragist saman nú vegna mikilla verðhækkana úti í heimi, enda er meiri kostnaður sem fylgir því að halda hross annars staðar en hér á land. Einnig var mikil sala á hrossum á tímum covid en í mörgum löndum gildi allsherjar útgöngubann, en undanþága var þegar fólk fór að sinna skepnunum sínum (hrossum). Kynningarefni Horses of Iceland hefur unnið að því að kynna Íslenska hestinn sem hinn fullkomna reiðhestagæðing sem hann og er. Metsala hrossa úr landi sl. ár samhliða fjölgun blóðmera virðist því ekki hafa mikil áhrif á hvort annað. Má ítreka að margir bændur setja ræktunarhryssur sínar (reiðhesta og keppnis/kynbóta) í blóðtöku, enda eru margar ástæður fyrir því afhverju þær nýtast ekki lengur til reiðar, sama hvort það sé vegna meiðsla, lífillar brúkunar, henta ekki til reiðar eða annað. Einnig má nefna varðveislu litafjölbreytni og frjósemiseiginleika hryssa sem hafðar eru til blóðtöku. Að lokum bendum við á að matvælaráðherra svaraði fyrirspurn þingmanns í umræðu á Alþingi í febrúar 2022 (152. löggjafarþing - 40. fundur) varðand “mikla neikvæða umfjöllun” utan landsteinanna um blóðmerahald hér á landi. Þar svarar matvælaráðherra að skv. upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu þá sé umfjöllun til staðar í Evrópu og að hún sé neikvæð, en þó ekki umfangsmikil.

**Frumvarpið byggir á forsendum sem standast ekki skoðun.**

## Að lokum

Forsvarsmenn Hagsmunafélags stóðbænda (áður Í-ess bændur) eru fúsir til að koma fyrir Atvinnuveganefnd og svara þeim spurningum sem enn kann að vera ósvarað.

Bændur sem hafa hryssur til blóðtöku fagna rannsókn sem framkvæmd var sl. tímabil og hvetja til samstarfs varðandi fleiri, víðtækari rannsóknir í búgreininni. Bændur hafa hingað til engar mælingar rannsókna fengið varðandi gildi á blóðsýnum hryssa sinna þó að upplýsingar ættu að vera fyrir hendi.

Hagsmunafélag stóðbænda bendir á rannsóknarverkefni sem unnið var til bakkalárgráðu (BS) við Landbúnaðarháskóla Íslands 2021-2022, en þar segir:

“[...] Ekki reyndist marktækur munur á efnainnihaldi kaplamjólkur úr hryssum í blóðtöku og viðmiðunarhryssur. Folöld undan hryssum í viðmiðunarhóp reyndust örlítið léttari en folöld undan hryssum sem tekið var blóð úr en munurinn var ekki marktækur. “

Sjá hér: [https://skemman.is/handle/1946/41590?fbclid=IwAR3c4R5JOL7WzXW\\_\\_K-uy\\_b1%20UpND4v91dioB%20lw\\_6w982YURwa731zCkX7A](https://skemman.is/handle/1946/41590?fbclid=IwAR3c4R5JOL7WzXW__K-uy_b1%20UpND4v91dioB%20lw_6w982YURwa731zCkX7A)

Virðingarfyllst,

Forsvarsmenn Hagsmunafélags stóðbænda (áður Í-ess bændur)

## Viðauki - svar frá MAST vegna fyrirspurnar um slátrun folalda

### Svar MAST við fyrirspurn um folaldaslátrun 2021

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

Mér skilst að sjö sláturhús á landinu séu með störgripaslátrun.

Hvaða sláturhús á Íslandi taka á móti folöldum blóðmera til slátrunar og hafa þau afkastagetu til þess að taka á móti öllum folöldum sem koma úr blóðmerahaldi?

Kjötafurðastöð KS, SAH afurðir, SS Selfossi, Sláturhúsið Hellu, B. Jensen, Norðlenska og Sláturhús Vesturlands.

Afkastagetan er margföld á við það magn sem er framleitt.

Hafa einhver sláturhús neitað að taka á móti þessum folöldum? Hvers vegna?

Nei sú staða hefur ekki komið upp.

Eru dæmi um að bændur hafi skotið folöldin sjálf og urðað þau ólöglega?

Nei engin dæmi eru til um það, enda ekki vandamál að koma þeim til slátrunar.

Að neðan eru til glöggvunar upplýsingar um fjölda slátraðra folalda á hverju sláturtímabili og meðalvigt. Slátrun hefst í ágúst og þau síðustu koma inn í mars í venjulegu ári. Því getur verið allt að 6 mánaða aldursmunur á folöldum sem koma til slátrunar sem hefur áhrif á fallþunga.

Meðalfallþungi hefur lítið breyst á þessu árabili þrátt fyrir mikla aukningu í fjölda blóðmera undanfarin ár og þrátt fyrir að sláturtímabilið hefjist nú í ágúst í stað október en sú breyting varð 2019.

Úrkast er mjög lítið, og líklega minna en í öðrum tegundum. Hafa skal í huga að folöld geta hafa farið í úrkast ef ekki var gerð grein fyrir móður. Því er ekki öruggt að þau hafa verið sjúk.

Fæðingarár	Folöld 1. flokkur	Folöld 2. flokkur	Úrkast	Alls	Meðal fallþungi
2021*	4359	10	13	4382	77,0
2020	5408	20	22	5450	76,1
2019	5248	38	5	5291	79,0
2018	4996	40	17	5053	81,9
2017	4949	57	13	5019	78,4

\*Sláturtímabili ekki lokið fyrir folöld fædd 2021